

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

*Deiliskipulag Silfurtúns.*

Á svæðinu sem skipulagið nær til er eldri ódeiliskipulögð byggð við Hörgatún að austanverðu, Aratún, Faxatún og Goðatún. Einnig lóðir skátaheimilisins Jötunheima (Bæjarbraut 7) og leikskólans Bæjarbóls sem og græna svæðið milli Silfurtúns og Mýra.

Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti, skýringaruppdráttum og í greinargerð.

Í deiliskipulaginu er m.a. kveðið á um byggingarreiti, nýtingarhlutfall, opin svæði, stígatengingar o.s.frv.

Fellt er úr gildi deiliskipulag Silfurtúns og Hofsstaðamýrar (deiliskipulag miðsvæðis við Bæjarbraut, milli Silfurtúns og Mýra), sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 700/2001.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 25. júní 2012.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2012